

Greining myndabóka - lyklar Moebiusar

- Lyklarnir eru hugsaðir sem hjálpartæki til að skoða frásagnartækni í myndabókum.
- Þeir eru ekki ætlaðir sem forskrift fyrir myndlistarmenn þó þeir geti eflaust haft þá til hliðsjónar.
- Lyklarnir gefa vísbendingar um merkingu einstakra atriða en alltaf verður þó líka að athuga verkið í heild.

Að rannsaka myndabók

- Sögupersónur þekkjast yfirleitt á einhverjum ákveðnum atriðum svo sem háralit eða klæðnaði.
- Stærð persónu og staðsetning hennar á mynd eða síðu táknar yfirleitt styrk hennar .
- Eftir því sem persóna er stærri er hún yfirleitt öruggari eða hefur meiri stjórn á atburðum.
- Ef persóna er ofarlega á síðu/mynd táknar það oft ánægju, örugga stöðu eða sjálfánægju.
- Ef persóna er neðarlega táknar það oft veika stöðu eða lélega sjálfsmynd.
- Ef persóna er sýnd oftar en einu sinni á sömu síðu táknar það að hún sé í vandræðum, hafi ekki stjórn á aðstæðum.
- Persóna vinstra megin á síðu er trúlega öruggari en sú hægra megin sem er á leið inn í óvissuna á næstu síðu.
- Mynd í ramma er yfirleitt fjarlægari lesendum en rammalaus mynd. Rammar sem birtast og hverfa tákna oftast breytingar í heimi sögupersóna.
- Litir eru oft notaðir til að tákna tilfinningar og stöðu persóna.
- Heitir og ljósir litir tákna oftast hlýju og vellíðan en dimmir og dökkir litir sýna hræðslu, sorg og öryggisleysi.
- Munið þó að myndskreytar nota ekki allir þessi atriði svona markvisst. (ÞHJ tók saman)